



Næstu rusladagar

- 28. maí - Almennt sorp
 - 5. júní - Endurvinnsla
 - 12. júní - Almennt sorp
-

Sveitarstjórnarkosningar 31. maí 2014

Kosningar til sveitarstjórnar skv. 1. mgr. 1. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 fara fram 31. maí 2014. Í Svalbarðsstrandarhreppi verður kjörfundur haldinn í Valsárskóla.

Frestur til að skila framboðum til sveitarstjórnarkosninga rann út á hádegi laugardaginn 10. maí 2014. Engin framboð bárust og því munu kosningar í Svalbarðsstrandarhreppi verða óbundnar, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Í óbundnum kosningum eru allir kjósendur í kjöri. Þeir sem sæti hafa átt í sveitarstjórn í eitt kjörtímabil að lágmarki geta þó skorast undan kjöri jafn lengi og þeir hafa átt sæti í sveitarstjórn. Upplýsingar um það hverjir hafa nýtt sér þessa heimild munu verða birtar þegar kjörstjórn hefur farið yfir gildi þeirra tilkynninga sem bárust.

Nokkur orð frá Bókasafninu

Viðskiptavinir Bókasafnsins sem eru með bækur að láni og hafa haft þær lengur en einn mánuð eru beðnir um að skila þeim strax. Einhverjar bækur sem hafa verið í löngu útláni eru á lista yfir bækur sem beðið er eftir. Tekið verður á móti ykkur með bros á vör og þakklæti fyrir góð skil.

Meginregla útlána er: nýjar bækur tvær vikur, eldri bækur einn mánuður.

Verið velkomin á bókasafnið sem er opið á mánudögum kl. 17:00 til 19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Nýjar bækur að tínast inn.

Bestu kveðjur og þakkir Anna María

Álfaborg

Með hækkanði sól förum við í Álfaborg að flytja okkur meira út. Við setjum matjurtir í garðana okkar, förum í gönguferðir og rifjum upp útileikina.



Í júní hætta svokallaðir hópastarfs tímar sem eru tvisvar í viku yfir vetrartímam. Á sumrin er skipulagið lausara í reipunum og því auðvelt að grípa tækifærið þegar gott veður er til að gera eitthvað sem ekki er hægt á veturnar eins og að sulla eða borða hádegismatinn úti. Á sumrin höfum við líka hjóladag einu sinni í viku þar sem börnin koma með hjólin sín og hjálma. Það er sérstaklega gott fyrir sveitabörnin okkar að geta æft sig að hjóla á malbiki.

Í byrjun júní verður tveimur elstu árgöngunum (Krummum og Spóum) boðið upp á sundnámskeið í sundlauginni okkar á skólatíma. Þetta eru alls tíu tímar á hvorn hóp og hafa börnin bæði gagn og gaman af þessum tímum.

Um miðjan maí fóru Krummarnir, elsti árgangurinn, í útskriftarferð. Þessi ferð var heldur óvenjuleg þar sem farið var eftir leikskóla á fimmtudegi og komið til baka í hádeginu á föstudegi. Byrjað var á því að fara í sumarhús í Kjarnabyggð þar sem var boðið upp á pizzu í kvöldmat. Auðvitað þurfti að prófa heitapotinn og var boðið upp á ávexti og ís út í pott. Þegar allir voru komnir í náttfötin var svo poppað áður en farið var að sofa. Eftir morgunverð

og tiltekt í sumarhúsinu var brunað í leikskólann Krummakot. Þar var gömlum Álfaborgara komið á óvart þar sem Heiðmar Kári átti ekki von á að sjá Krumma í sínum leikskóla. Ferðin endaði svo í sundlauginni á Hrafnagili áður en brunað var aftur heim í leikskólann. Þessi ferð fór fram úr björtustu vonum hjá öllum þátttakendum og munu þeir sjálfsagt lifa lengi á þessari reynslu.

Tónlistarskólinn

Skólaárið 2013-2014 stunduðu 27 nemendur nám við Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar á hin ýmsu hljóðfæri. Starfið í skólanum var líflegt og skemmtilegt með samvinnu við bæði leikskólann Álfaborg og Valsárskóla, tónleikar voru haldnir reglulega og alls kyns uppákomur.



Fyrirlestrar

Þriðjudaginn 20. maí býður Tónlistarskólinn öllum sem vilja á 2 fyrirlestra í skólanum.

kl 15:15 munu tveir fyrrverandi nemendur skólans, Hjálmar Gylfason, gítarleikari og Jóhannes Guðni Halldórsson, trommuleikari, kynna rokktónlist í þyngri kantinum. Þeir ætla að sýna ýmislegt skemmtilegt og segja frá, víst verður að þetta verður kraftmikið og spennandi.

kl 16:00 mun Unnur Helga Möller, sópran segja frá ferðalagi sínu í söng og flytja nokkur lög úr ýmsum áttum. Unnur Helga hefur verið við söngnám í Salzburg og hefur komið víða við í söngnum.

Allir eru velkomnir og aðgangur að sjálfsögðu ókeypis.

Vortónleikar

Vortónleikar Tónlistarskólans verða miðvikudaginn 21. maí kl 18. Nemendur koma fram í einleik og samspili og flytja allskonar skemmtilega tónlist. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

Innritun

Innritun nýnema í Tónlistarskólann fyrir næsta skólaár verður í lok ágúst og mun verða auglýst þegar nær dregur.

Með kærri kveðju úr Tónlistarskólanum

Litið um öxl

Þessi frétt birtist í Íslendingi þann 15. mars 1963:

Sauðburður á Svalbarðsströnd

Höfuðbólið Svalbarð selt

Svalbarðsströnd 11. marz: Hér hafa mislingar stungið sér niður á stöku heimili, en þeir eru vægir og hafa ekki haft alvarleg eftirköst. Inflúenzan er ekki komin, og hefur fjöldi fólks verið bólusettur gegn henni, enda víða svo liðfátt við gegningar, að ekki má út af bera.

Miðsvevtraskoðun hefur farið fram í sveitinni, og er ásetningur talinn góður og nægilegt hey fóður fyrir hendi. Afkoma bænda hér virðist góð og heilbrigði í mönnum og skepnum.

Á Gautsstöðum hófst sauðburður fyrir einum og hálfum mánuði, og voru um helmingur ána börnar um helgina. Eru þær tvílembdar að meiri hluta, og hefur ekkert lamb farizt.

U.M.F. Æskan gekkst í vetur fyrir námskeiði í ræðumennsku og fundarstjórn, er konur og karlar á ýmsum aldri sóttu. Leiðbeinandi var sr. Sigurður Haukur Guðjónsson.

Stefán Stefánsson, eigandi höfuðbólsins Svalbarðs, hefur selt jörðina Bjarna Hólmgímssyni bónda að Grýtubakka, og mun hann taka við óðalinu í vor en Stefán flytja til Akureyrar með fjölskyldu sinni.

Fréttaritari.

Íslendingur, 10. tbl. (15.03.1963), bls. 8
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=5168401

Ströndungur kemur næst út miðvikudaginn 18. júní.